

2. Umferð um Álftamýri, Stormýri og húsagötur Safamýrar víki fyrir umferð um Safamýri.
3. Biðskylda verður á Grettisgötu gagnvart umferð um Klapparstíg.
4. Biðskylda verður á Mímisvegi gagnvart umferð um Eiríkisgötu.
5. Stöðvunarskylda verður á tengingu Selásbrautar við Suðurlandsveg gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1986.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Garðakaupstað.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Garðakaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Garðakaupstað:

1. Umferð um **Hnoðraholsbraut** vestan Reykjanesbrautar nýtur forgangs fyrir umferð úr eftirtöldum götum, sem tengjast henni (Hnoðraholsbraut biðskylda:

Iðnbúð, Smiðsbúð, Ásbúð, Gilsbúð og Bæjargili.

2. Umferð um **Ásgarð** nýtur forgangs fyrir umferð úr götum frá Bitabæ, biðskylda.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

Lögreglustjórinn í Garðakaupstað, 7. janúar 1986.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 21. gr. staflað a) bætist eftirfarandi setning:

Frá og með desember 1985, skulu lánsviðmiðanir sjóðsins í íslenskum krónum vera jafnháar og á tímabilinu september/nóvember 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.